

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um að innleiða upplýsingavef vegna ofbeldis gagnvart eldra fólki

Velferðarsviði, í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið og Neyðarlínuna - 112, er falið að gera upplýsingar um ofbeldi gagnvart eldra fólki og úrræði sýnilegri og aðgengilegri á vef Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að efla þekkingu á ofbeldi gegn eldra fólki og einfalda tilkynningar um ofbeldi með beinum tengingum af vef Reykjavíkurborgar inn á tilkynninga- og ráðgjafarleiðir 112. Jafnframt er velferðarsviði falið að vinna verkferla og leiðbeiningar fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, um viðbrögð þegar ofbeldi gegn eldra fólki á sér stað eða þegar grunur þar um vaknar. Verkferlarnir skýri hvernig bregðast skuli við, hvert sé hlutverk Reykjavíkurborgar og hvernig samstarfi við aðra aðila sé háttað, m.a. lögreglu, þegar ofbeldi gegn öldruðum á sér stað eða þegar grunur þar um vaknar.